Reykjavík, 5. nóvember 2026
FAS26010020

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2026

1. Breytingar á starfsmati vegna jöfnun launa

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og menningar- og íþróttasviðs verði hækkaðar um 119.335 þ.kr. vegna breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-119.335
SFS	xxx	Kjarabætur - jöfnun launa		32.543
VEL	xxx	Kjarabætur - jöfnun launa		86.426
MÍR	xxx	Kjarabætur - jöfnun launa	Til	366
			Samtals	**0**

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til áfangasamkomulags á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá september 2016. Nefndin hefur þó ekki komist að endanlegri niðurstöðu um útfærslu framkvæmdarinnar en aðilar hafa náð saman um að opinberir laungreiðendur leggi fram 1.808 m.kr. til að leiðrétta hópa þar sem vísbendingar eru um að launamunur sé til staðar á milli markaða og að munurinn kunni að vera kerfislægur og ómálefnalegur. Um er að ræða annars áfangasamkomulags sem kemur til framkvæmda á árinu 2026. Ofangreindar upphæðir eru því afturvirkt til ársins 2025 og fyrir árið 2026. Árlegur kostnaður í ramma er 68.191 þ.kr.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri